

Sp. 66. Tillaga til þingsályktunar
um skipun formanna sjúkrasamlaga.

Flm. Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fyrirskipa atvinnumálaráðherra að skipa nú þegar formenn sjúkrasamlaga í kaupstöðum landsins samkvæmt þegar gerðum tillögum tryggingarráðs.

Greinargerð.

Í 11. gr. laga nr. 72 31. des. 1937, um breytingar á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar, er svo fyrir mælt:

„Í hverjum kaupstað skal starfa sérstakt sjúkrasamlag. Ráðherra skipar formann samlagsins eftir tillögum tryggingarráðs.“ — Tryggingarráð hefir nú tilnefnt formenn sjúkrasamlaganna í öllum kaupstöðum landsins, nema Neskaupstað, en atvinnumálaráðherra hefir ekki enn skipað menn þá, er tryggingarráðið tilnefndi, nema í Reykjavík.